

Nd.

303. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson.

Framan við frvgr. komi:

Í stað orðanna „yfir Eldhraun“ (á eftir „Skaftártungu“) í 2. gr. A. 1. komi: um Ásabrú, Hestalandshóla að Leiðvelli í Meðallandi, og yfir Eldhraun frá Stóra-Hvammi.

G r e i n a r g e r ð.

Breyting sú á vegakerfi á þessu svæði, sem hér er farið fram á, er í rauninni aðeins viðbót, til þess að uppfyllt verði gamalt loforð fyrri framsóknarstjórnar, þegar þjóðvegurinn var færður upp að Stóra-Hvammsbrú, að séð yrði fyrir bilfærum vegi milli Skaftártungu og Meðallands, og þá einkum að byggð yrði upp (endurbyggð) Ásabrú, sem samkv. áætlun vegamálastjóra kostar mjög lítið, en með nefndri færslu vegarins var Meðallandið einangrað og útilokað frá hinu nýja bilvegarsambandi um miðbik Vestur-Skaftafellssýslu. Má nú með þeim hætti, er brtt. fer fram á, bæta úr þessu (en eigi örugglega öðruvísi), enda þá við það unnið, bæði að þessi sveit, Meðallandið, verður jafnrétthá til viðunandi samgangna öðrum sveitum milli Sanda (sem er ekki sízt þörf á, m. a. vegna hinna tíðu skipstranda á þessum slóðum og þeirra mannflutninga, er þar af leiðir), og eins yrði þessi leiðin að allra kunnugra álitu þrautalending sem þjóðleið og póstleið, þegar allt er ófært efra vegna snjóá og vatna. — Auk Ásabrúar myndi þurfa 2 smábrýr á þessari leið.